

16. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 12. gr. hafnalaga. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Dráttarvextir 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð reiknast 2 mánuðum eftir gjalddaga.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 25. apríl 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

4. mars 1975.

Nr. 183.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Húsavíkurkaupstað.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Húsavíkurhöfn tekur yfir Húsavíkina, austan línu sem hugsast dregin vestast úr Kaldbaksnefi í svonefndar Snásur á Húsavíkurhöfða.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur hefur á hendi stjórn hafnarinnar, undir yfirstjórn þess ráðuneytis sem fer með hafnamál hverju sinni.

3. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, skal fela hafnarnefnd. Hafnarnefnd skal skipuð fimm aðalfulltrúum og fimm til vara, sem kosnir skulu leynilegri kosningu á fyrsta fundi bæjarstjórnar Húsavíkur að afloknum bæjarstjórnarkosningum hverju sinni. Kjörtímabil hafnarnefndar skal vera það sama og bæjarstjórnar. Hafnarstjóri sér um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum er þar að lúta og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

Haldið skal sérstakt reikningshald fyrir hafnarsjóð. Skulu reikningar hafnarsjóðs fylgja bæjarreikningum og endurskoðast ásamt þeim.

4. gr.

Bæjarstjóri er hafnarstjóri og formaður hafnarnefndar, nema öðruvísi sé ákveðið af bæjarstjórn.

5. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri í samráði við hafnarnefnd. Hann boðar til funda hafnarnefndar svo oft sem þurfa þykir og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, svo og atkvæðisrétt, sé hann einn hinna kjörnu fulltrúa.

Hafnarnefnd ræður fasta starfsmenn hafnarinnar, svo marga sem þurfa þykir, setur þeim erindisbréf og ákveður launakjör þeirra í samráði við bæjarráð. Einnig hefur hún vald til að víkja þeim frá störfum ef ástæða þykir til. Skuldbindandi ákvarðanir hafnarnefndar eru háðar staðfestingu bæjarstjórnar.

III. KAFLI

6. gr.

Skip telst í reglugerð þessari hvert fljótandi far.

7. gr.

Sérhver skipstjóri sem á skipi sínu kemur í höfnina, að bryggju eða að hafnarbakka, skal gæta fyllsta öryggis í allri umferð í höfninni. Hann skal vera kunnugur ákvæðum reglugerðar hafnarinnar, svo og skipshöfn hans öll.

8. gr.

Hafnarvörður sér um, að gætt sé reglu á höfninni og landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans eða þeirra, sem hann setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

9. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

10. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum í höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema undir kötlum skipsins og í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerjum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu.

Liti hafnarvörður svo á að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, uns gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað sem eldhætta getur stafað af í skipum í höfninni, svo og landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarvarðar.

11. gr.

Óheimilt er á landi hafnarinnar að smíða ný skip eða þétta eldri skip, eða gera við þau á annan hátt, nema að fengnu leyfi hafnarvarðar eða hafnarnefndar og samkvæmt settum skilmálum. Leyfi hafnarvarðar þarf til að leggja skipum til hreinsunar eða geymslu upp í sandfjöruna.

12. gr.

Notkun skotvopna er bönnuð innan takmarka hafnarinnar. Þá er bannað að blása í skipsflautur eða lúðra innan hafnarinnar frá kl. 24.00 að kveldi til 07.00 að morgni, nema nauðsyn krefji.

13. gr.

Ekki má kasta í höfnina, á bryggjur eða hafnarbakka, kjölfestu, ösku, fiski, fiskúrgangi, veiðarfærum, trossum, vírum, matarleifum, umbúðum eða neins konar rusli. Allt þess háttar skal flutt á þann stað sem hafnarvörður vísar til.

Ekki má láta olíu eða vatn mengað olíu renna í höfnina, á hafnarmannvirki eða á þilför skipa.

14. gr.

Óheimilt er að gera hafnarmannvirki í landi Húsavíkur, eða breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru þar og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi bæjarstjórnar komi til.

Umráðamönnum þeirra mannvirkja, sem eru, eða kunna að verða gerð með leyfi bæjarstjórnar, er skylt að halda þeim við þannig, að eigi stafi hætta af þeim.

Nú vanrækir eigandi slíks mannvirkis viðhald þess, að álitni hafnarnefndar, og er hafnarnefnd þá heimilt að láta framkvæma viðgerð á því á kostnað hlutaðeigandi.

Eigandi eða ábyrgðarmaður skipa eða mannvirkja er ábyrgur fyrir þeim tjónum á lífi og limum, svo og eignatjónum sem rekja má til hlutaðeigandi eignar.

IV. KAFLI

Hafnsaga, lega skipa í höfninni og afgreiðsla þeirra.

15. gr.

Sérhvert skip, sem ætlar til Húsavíkur og vill nota hafnsögumann, skal gera boð um það til hafnarvarðar, með sem mestum fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið, allt að eina sjómílu út fyrir takmörk hafnarsvæðisins, ef skipstjóri æskir þess. Vísar þá hafnsögumaður skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagst við festar í höfninni. Heimilt er hafnsögumanni, meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu, að banna hverjum þeim, sem ekki á lögmælt erindi, að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

16. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða þykir til að ætla, að sóthætta geti stafað af því, ber hafnarverði og hafnsögumanni að sjá um, að fylgt sé reglum þeim sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

17. gr.

Þegar skip leitar hafnar, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarvarðar, er vísar honum á legustað fyrir skipið.

Venjulega skal heimila skipum að leggjast að bryggjum eða bólvirkjum í þeirri röð er þau koma til hafnarinnar. Þó skal farþegaskipum, sem sigla eftir fyrir fram auglýstum áætlunum, leyft að leggjast að bryggjum, þótt önnur skip liggja þar fyrir. Skulu þau þá víkja, sé það nauðsynlegt að dómi hafnarvarðar.

Leggist skipið að hafnarmannvirki, skulu landfestar bundnar, þar sem starfsmenn hafnarinnar segja til um. Sé affermingu eða fermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að álitni hafnarvarðar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Enn fremur getur hafnarvörður eða umboðsmaður hans vísað skipum frá bryggjum eða bólvirkjum, álitni hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

18. gr.

Skip, sem koma inn í höfnina, skulu hafa að minnsta kosti eitt akkeri tilbúið í festarauga, og eigi skipið að leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skal hliðar-

bátum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum sveiflað inn fyrir borðstokkinn, brandar dregnir inn og rám snúið.

19. gr.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekki er unnið við, mega aldrei liggja þannig í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvert þau skuli flutt. Ef ekki er orðið við boðum starfsmanna hafnarinnar í þessum efnum er heimilt að færa skipið á kostnað eiganda.

20. gr.

Sé nauðsynlegt talið að skipum, sem fermd eru eða affermd, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm skipa, er utar liggja yfir þilfar hinna. Skipshöfn og farþegum þeirra skipa er utar liggja, er einnig heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, er nær liggja.

21. gr.

Í sérhverju skipi, sem ekki hefur leyfi hafnarvarðar til að liggja mannlaust á höfninni, skal jafnan vera a. m. k. einn maður, er getur tekið við fyrirskipunum frá starfsmönnum hafnarinnar og framkvæmt þær í samræmi við það, sem reglugerð þessi býður.

22. gr.

Eigi má festa skip við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa, að tilvísun hafnarvarðar. Séu landfestar úr járn, skulu þær klæddar þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð um bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarverði þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafist þess, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skyllt er að hafa hlifar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, óski hafnarvörður þess.

23. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hættu af því.

24. gr.

Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á höfninni, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Eigi má heldur teppa umferð með taugum, strengjum eða köðlum, nema hafnarvörður telji nauðsynlegt. Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

25. gr.

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt vatni á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með hlífum, að vatnið fari beint í höfnina, en komist eigi á bryggjuna eða hafnarbakkann.

26. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar, sem það, að álitu hafnarvarðar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Áður en kjölfesta er flutt í skip eða úr skipi, skal hafnarverði gert viðvart. Ákveður hann hvar það skuli fara fram.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skipsins og hafnarbakkans, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, uns bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Ekki má sálda kol á bryggju eða hafnarbakka. Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarvörður vísar til.

28. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal farmeigandi eða skipseigandi ef þörf gerist, láta ræsta bryggju eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um að það verði gert, en farmeigandi eða skips-eigandi greiða allan kostnað, sem af því leiðir.

Sömu reglur gilda um fiskafla settan í land í Húsavíkurhöfn, og ber þá skipstjóri eða útgerðarmaður og kaupandi aflans, ábyrgð samkvæmt þessari grein.

29. gr.

Þær vörur, sem ferma skal eða afferma, svo og tæki þau, sem notuð eru við fermingu eða affermingu, mega ekki liggja á bryggjum eða bólvirkjum og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Skal flytja burt muni þessa og vörur jafn-skjótt og hann krefst þess. Sé það ekki gert, lætur hafnarvörður gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

V. KAFLI

Um skip sem lagt er í lægi.

30. gr.

Skipum má leggja í lægi á höfnina með sérstöku leyfi hafnarstjóra, sé það gert undir umsjón hafnarvarðar, sem ákveður legustaðinn, legufærin og fyrirkomulag alls, er varðar lagningu skipsins.

31. gr.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi á höfninni, skal ekki sjaldnar en á viku fresti fara út í það til að líta eftir hvort legufæri eða annað hefur farið úr lagi eða bilað. Ef svo reynist skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Leyfi hafnarstjórnar til að leggja skipi í lægi, er bundið því skilyrði, að ef skipið sekkur, láti eigandi þess taka það upp eða sprengja það í sundur, svo það skemmi ekki höfnina. Sé því ekki fullnægt innan tiltekins frests, getur hafnarstjórnin látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

Ekki ber hafnarsjóður ábyrgð á skipum þeim, sem lagt er í lægi í höfninni.

32. gr.

Heimilt er að leggja skipi í lægi á höfninni, þó það sé mannlaust, sé það svo þétt, að álíti hafnarvarðar, sem getur framkvæmt eða látið framkvæma á því rannsókn á kostnað eiganda, að ekki stafi af því nein hættu.

Á skipum þessum skal tendrað ljós samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, sem liggja fyrir akkeri.

Áður en skipstjóri fer af skipinu skal hann skriflega tilkynna hafnarverði um umsjónarmann, búsettan í því lögsagnarumdæmi, sem höfnin er í, sem skal hafa umsjón skipsins á hendi og skal skipstjóri ganga úr skugga um það að hafnarstjóri sé samþykkur útnefningu umsjónarmannsins. Hafnarnefnd getur krafist þess, ef henni finnst ástæða til, að umsjónarmaður hafi skipstjórnarréttindi og hafi búsetu það nálægt hafnarsvæðinu að auðvelt sé að ná til hans í tæka tíð, ef færa þarf skipið, eða til annarra þeirra aðgerða, er skipið snertifir.

Hafnarvörður beinir til umsjónarmanns öllum þeim fyrirskipunum er skipið varða, en umsjónarmaður annað hvort framkvæmir fyrirskipanir hafnarvarðar eða sér um að þær séu framkvæmdar. Verði dráttur á því skal hafnarvörður láta framkvæma verkið á kostnað skipseiganda.

33. gr.

Eigendur skipa og báta sem skrásettir eru á Húsavík, eða gerðir út þaðan til fiskjar, eiga forgangsrétt á legum við botnkeðjur hafnarsjóðs (múrningar) á höfninni og greiða þeir legugjald eftir ákvörðun hafnarnefndar.

Hafnarsjóður leggur til upphöld frá botnkeðjum, en bátaeigendur kosta sjálfir nauðsynlegar festar við upphöldin og bera kostnað við að ná þeim upp ef þau tapast niður. Hafnarnefnd hefur einkarétt til að leggja botnkeðjur á hafnarsvæðinu, en þeir sem leggja bátum sínum á höfninni við eigin festar skulu hlíta fyrirmælum hafnarvarðar, um legustað þeirra. Bátaeigendur sem ekki stunda fiskveiðar sem aðalatvinnu, skulu leggja bátum sínum við legufæri ef hafnarvörður óskar þess.

VI. KAFLI

Um fermingu og affermingu eldfimra vökva og sprengiefna.

34. gr.

Skip, sem flytja eldfim og hættuleg efni, svo sem steinolíu, gasolíu, bensín, acetón, terpentínu, sýrur eða önnur álíka eldfim og hættuleg efni, sprengiefni, svo sem píður, dynamit, geomit eða þess konar efni, mega ekki fara inn á höfnina fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarvarðar og afferming leyfð undir eftirliti brunavarðar, ef hafnarverði þykir ástæða til. Um útskipun á sams konar farmi gilda sömu varúðarreglur.

35. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau efni, sem nefnd eru í næstu grein hér á undan, skulu, er þau koma inn á höfnina með þess konar farm, hafa á framsíglutoppi alþjóðlegt merkjaflagg með bókstafnum „B“ að degi til, en að næturlagi rautt ljós í þess stað. Merki skal hafa uppi svo lengi sem skipið er í höfn og um hættu getur verið að ræða. Skip, sem ekki hafa framsiglu, skulu í þess stað reisa a. m. k. þriggja metra háa stöng, sem flagginu eða ljósinu skal komið fyrir á.

VII. KAFLI

Gjöld til hafnarinnar.

36. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, sem hafnarstjóri semur í samræmi við 26. gr. hafnalaga nr. 45/1973 og samgönguráðuneytið staðfestir.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

37. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar, tækjum og útbúnaði, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þeimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur ekki honum í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

38. gr.

Engum, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, heimilast að fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútljád, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjórn tekur gilda.

39. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari heimilast að gefa forráðamönnum skips, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt því, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

40. gr.

Allir sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér til hafnarstjóra eða hafnarvarðar með beiðni þar að lútandi. Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

41. gr.

Enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá hafnarstjóra, nema hann sanni með vottorði hafnargjaldkera, að hann hafi greitt gjöld þau, er honum ber að greiða, samkvæmt reglugerð þessari. Sama gildir um sektir og skaðabætur, ef um þær er að ræða.

42. gr.

Innan hafnar má ekki sigla skipum hraðar en sem svarar 4 mílum á klst. nema sérstaklega standi á.

43. gr.

Meðfram strandlengju hafnarsvæðisins má ekki gera nein mannvirki, nema fyrir liggi umsögn hafnarnefndar þar að lútandi.

44. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

45. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

46. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi fallin reglugerð fyrir Húsavíkurkaupstað nr. 8 31. janúar 1959, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 4. mars 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

G J A L D S K R Á

fyrir hafnarsjóð Húsavíkur.

I. KAFLI

Um hafnargjöld í Húsavíkurhöfn.

1. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttó-stærð skipanna, eins og hún er mest, skv. mælibréfi skips. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Lestagjöld.

2. gr.

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 6.00 á brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 3.00 á brúttórúmllest.
- c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 6.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
- d. Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 400.00 á brúttórúmllest þó aldrei minna en kr. 2000.00.

Gjaldldagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Bryggjugjöld.

3. gr.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 3.00 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða gjald þetta eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 324.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjaldldagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Hafnsögugjald.

4. gr.

Hvert það skip sem fær hafnsögumann til leiðsögu inn á höfnina eða frá henni, um höfnina eða milli hafnarmannvirkja, skal greiða hafnsögugjald.